

## REGLUR

### um breytingu á reglum um fjárhagslega aðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, nr. 295/2003.

#### 1. gr.

Við reglurnar bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða er hljóðar svo:

Heimilt er að veita landshlutasamtökum sveitarfélaga fjárhagslega aðstoð úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árinu 2010 á grundvelli a-liðar 1. gr. reglnanna nr. 295/2003 sem samsvarar eðlilegum kostnaði samtakanna við könnun og kynningu á mögulegum sameiningarkostum í viðkomandi landshluta.

#### 2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 98. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, með síðari breytingum, og a-lið 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, með síðari breytingum, og öðlast þær þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. apríl 2010.*

**Kristján L. Möller.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Hjaltadóttir.*